Svart og hvítt

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur starfsárið 1978—'79 undir þungu álagi frá blaðafjölmiðlum, er gera sér mat úr ummælum tónlistarmanns, sem gist hefur okkar kalda land, þá óvært þótti annars staðar að búa. Fyrir undirritaðan er gagnrýni mikilvægur þáttur og því óvægari sem hún er, því skarpari verða skoðanaskil þeirra, sem um hana fjalla og meiri möguleiki á því að sannleikurinn komi fram. Sú þjóð, sem fyrir nokkrum árum átti ekki af neinni sinfóníuhljómsveit að státa, hefur náð því marki að eiga eina slíka og það sem meira er, að það skiptir máli meðal þeirra þjóða sem um aldir hafa átt góðar hljómsveitir, í hvaða gæðaflokki hún er. Við athugun á efnisskrá kemur í ljós að flutt verða í vetur 15 stórverk eftir Beethoven. Allar sinfóníurnar og pianókonsertarnir. Fyrir tveimur árum var því fleygt manna á meðal að Ashkenazy ætti að stjórna öllum þessum verkum og þótti mörgum stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ætla lítt reyndum stjórnanda erfitt verk að vinna. Hvers vegna sú áætlun breyttist, skiptir litlu máli móti þeim grun, sem ónáðar hugsanir manna, að stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands kunni lítið til verka. Um verkefni sveitarinnar í heild verður ekki fjallað að sinni. Fyrstu tónleikarnir hófust á Pianókonsert nr. 5 eftir Beethoven. Einleikari var Stephen Bishop-Kovacevich og var leikur hans svart-hvítur, þ.e.a.s. litaður sterkum andstæðum í styrk, sem er eitt af tónsmíðasérkennum Mannheimskólans. Í heild var flutningur pianóleikarans þungur og sterklegur, viðkvæmnislegur víða en aldrei væminn. Notkun hans á pedal var nokkrum sinnum aðeins of áberandi. Seinna verkið á tónleikunum var 5. sinfónían og var flutningur sinfóníunnar í sama stíl og á pianókonsertinum.


Svartur og hvítur. Rafael Frübeck de Burgos er góður stjórnandi og var mótun sinfóníunnar og flutningur allur mjög persónulegur. Það er ekki sama hver stendur við stjórnvölinn og stjórnandi þarf að kunna meira en að slá taktinn. Í stjórnun hans þarf að koma til þekking á hverju hljóðfæri, möguleikum þess og takmörkunum og skilningur á gerð tónverksins.

Í flutningi sinfóníska verka eru ofnir saman svo ótrúlega margir þættir, er grundvallast á margra ára þjálfun og nær tæpast að blómstra nema með samvirku átaki. Takist illa til er mjög erfitt að skilgreina mistökin. Þau verða til við samstillingu margra mistaka. Í heild voru tónleikarnir með þeim bestu, sem undirritaður hefur heyrt hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, þrátt fyrir að hljómsveitin væri mjög „nervös", sem verður að teljast eðlilegt, sé haft í huga hversu sveitin hefur verið kynnt undanfarið. Það má vera, að gagnrýni geti verið ósanngjörn en hún er þó aðeins umræða, sem eins líklega getur leitt til góðs. Það, sem skiptir máli fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, er að hver einstaklingur hennar vinni verk sín sem bezt hann má. Það hefur sýnt sig að hljómsveitin okkar getur gert vel og ef hún stendur sig ævinlega vel verður ekki til lengdar litið fram hjá þörfum hennar. Tónleikarnir s.l. fimmtudagskvöld, sem framdir voru fyrir **troðfullu** húsi, vitna um áhuga íslenskra hlustenda og þörf þeirra fyrir góða tónlist og góðan flutning.

Tónlist


eftir JÓN ÁSGEIRSSON

Stephen Bishop-Kovacevich



Rafael Frübeck de Burgos





Ágúst Petersen.

„Alvaran er mitt hásæti"

segir Ágúst Petersen, sem sýnir nú á Kjarvalsstöðum

Ágúst Petersen heldur um þessar mundir málverkasýningu á Kjarvalsstöðum og lýkur henni á sunnudagskvöld.

— Ég er að mestu leyti sjálfmenntaður og það má með nokkrum sanni segja, að það nám hæfist, þegar ég var 16 ára, sagði Ágúst, er blaðið hitti hann að máli. Þá pantaði ég eftir dönskum príslista örfáar olíulitatúpur, þrjá pensla, dropa af terpentínu, línolíu og smástykki málarastriga. Slíka hluti hafði ég aldrei augum litið. Ég var eins og dáleiddur af dýrðinni. Mér er líka minnisstætt, hvað mér þótti lyktin af litunum og striganum góð.

— Ég veit varla undir hvaða stíl eða stefnu verk mín flokkast, ég hugsa aldrei um slíka hluti, en líklegast mætti segja að þau væru einhverskonar bland af natúralisma og expressjónisma.

— Áróður eða ádeila í verkum mínum? Ekki í þess orðs þrengstu merkingu, en öll góð list, sem skírskotar til betri hvata mannsins, er í eðli sínu áróður til að skapa betri og mannúðlegri heim. Maðurinn er aldrei ólíklegri til illra verka en þegar hann umgengst fagra hluti eða fagrar listir, og þá skiptir það engu máli hvort t.d. málverkið er af landslagi eða manni lokuðum inn í búri eða einhvers konar tákn um firringu nútíma mannsins. Þó vil ég halda því fram að það fyrra sé líklegra til árangurs. Einnig má allt of oft í slíkum áróðursverkum sjá áróðrinum tranað fram á kostnað myndrænna eigenda svo sem myndbyggingar og í teikningunni sem ýmist er of fáguð eða fálm- og tilviljanakennd. Við lifum ekki á tímum Goya hins spánska. Nú er það kvikmyndin, myndavélarnar og fjölmiðlarnir með allri sinni örtvaxandi tækni og fullkomnun, sem ríkjum ráða í áróðri fyrir hamingjusamari og mannúðlegri heimi. Allt annað er sem rödd hrópandans í eyðimörkinni, því er nú verr.

— Húmor í verkunum? Já, það kemur fyrir af og til, en það er sjaldnast beint og að yfirlögðu ráði. Húmorinn eins og slæðist einhvern veginn með alvörunni inn í verkið. Ég vil sem oftast hafa alvöruna með, alvara í list er mitt hásæti. Mér finnst einhvern veginn alltaf að list, sem hefur lítið eða ekkert annað upp á að bjóða en grín, skemmtan og spé ætti fremur að flokkast t.d. undir nafninu afþreyingarlist eða afþreyingarverk. Að sjálfsögðu misgóð sem slík, því þetta margútþvælda og misnotaða orð list, sem enginn tekur lengur mark á, er notað sem forskrift að alls konar hégóma og glingri. Það eru andstæðurnar í lífinu bæði í náttúrunni og mannlífinu, sem gera lífið svo töfrandi og ægifagurt. Líf og dauði, ljós og myrkur, gróska og hrörnun, æska og elli, ljós og skuggi o.s.frv. Þetta er allt þrotlaus leit, leit að fegurð, ekki bara venjulegri fegurð heldur einhvers konar yfirþyrmandi ægifegurð, sem ber í sér sársauka.

— Stefnubreyting eða stílbreyting? Nei, að minnsta kosti engin stór stökk og því síður bylting. Því er alveg öfugt farið með mig og málarann sem hrópaði: „Guði sé lof, nú er ég blessunarlega laus við kýrrassinn" — og kúplaði yfir í abstrakt. Ég held mínu striki og er ekki meiri maður en það að ég hef nóg að gera þó ég yrði 200 ára að reyna að mála sem allra bezta kýrrassa, húsin, hafið, landið, mannfólkið o.s.frv.

Óperumyndin Wozzek sýnd í Nýja bíói í dag

KVIKMYND byggð á óperunni Wozzek eftir Alban Berg verður sýnd á vegum Germaníu og Tónleikanefndar Háskólans í Nýja bíói í dag, laugardag. Hefst sýningin kl. 14 og er aðgangur ókeypis og öllum heimill.

Þetta er síðasta óperukvikmyndasýningin sem Tónleikanefndin og Germanía gangast fyrir að sinni, en myndin hefur víða vakið athygli og hlaut gullverðlaun á kvikmynda- og sjónvarpshátíð í New York ekki alls fyrir löngu.

Óperan Wozzek var frumsýnd í Berlín árið 1925 og hefur því verið haldið fram, að hún sé eitt merkasta verk, sem samið hefur verið fyrir óperusvið á þessari öld. Textinn er eftir leikriti Georg Büchners, sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkru, en þar segir frá fátækum hermanni, Wozzek, sem er undir læknishendi vegna geðheilsu sinnar. Barnsmóðir hans reynist honum ótrú og fer svo að hann ræður henni bana. Er hér stuðzt við sannsögulega atburði, sem áttu sér stað á öndverðri nítjándu öld, og vöktu þá mikla athygli.

Söngvarar í Hamborgaróperunni fara með öll hlutverk í myndinni, en þar á meðal eru Toni Blankenheim, Sena Jurinac, Richard Casilly, Gerhard Unger og Hans Sotin.



Sena Jurinac og Richard Cassilly í hlutverkum sínum í Wozzek.

Harma þróun í flugmálum

ÁRSÞING Sambands Íslendingafélaga og Námsmannafélaga í Danmörku og Suður-Svíþjóð samþykkti ályktun þar sem hörmuð er þróun sú í íslenzkum flugmálum að Flugleiðir skuli nú hafa meirihluta í Arnarflugi.

Bendir fundurinn á, að Arnarflug hafi rofið einokunaraðstöðu Flugleiða á Norður-Atlantshafsflugleiðinni og að Arnarflug hafi að undanförnu verið með lægst tilboð í leiguferðir sem félögin hafi staðið fyrir til Íslands.



Sjötíu ára í dag

SJÖTUGUR er í dag, laugardaginn 14. október, Sigurður G. Hafliðason afgreiðslumaður hjá Vegagerð ríkisins, Háaleitisbraut 41 hér í bænum. Í dag verður afmælisbarnið á heimili dóttur og tengdasonar að Breiðvangi 10 í Hafnarfirði og tekur þar á móti afmælisgestum sínum.